

# Fréttapistill frá forseta Íslands

16. nóvember 2020

Ég sendi landsmönnum öllum hlýjar kveðjur á degi íslenskrar tungu. Hans er minnst með ýmsum hætti í dag þótt hátíðahöld séu með öðrum brag en áður vegna okkar brýnu sóttvarna. Upplýsingar um viðburði, sem hægt er að fylgjast með, má sjá hér: <https://www.stjornarradid.is/.../dagur-islenskrar-tungu/>

Við Eliza tókum þátt í áttakinu „Viltu tala íslensku við mig?“ Því er ætlað að minna á mikilvægi þess að hjálpa þeim, sem hingað flytja til frambúðar eða um lengri eða skemmri tíma, að tala íslensku. Hægt er að horfa á myndband um þetta hér: <https://islenskuthorpid.is/>

Hér á Álftanesi er vel heppnað lestrarátak í gangi, orð í glugga. Íbúar prenta orð á blað, setja í glugga og ungir sem aldnir skemmta sér á göngutúrum við að finna þau. Í Bessastaðastofu má finna orð í glugga sem gestir geta virt fyrir sér utan af hlaði eins og mynd hér að neðan ber með sér.

Á degi íslenskrar tungu í fyrra var Embla kynnt til sögunnar, app sem skilur íslensku í anda hinna útlensku Siri og Alexu. Í nýliðinni viku var annað skref stigið: Nú er hægt að nálgast Emblu í stafrænu búðunum App Store og Play Store. Embla er enn að læra en ég skora á fólk að setja hana í símann sinn. Framtíð íslensks máls veltur ekki síst á því að við getum talað við tæki og tól á okkar ástkæra, ylhýra máli svo að vitnað sé til lýsingar Jónasar Hallgrímssonar á íslenskri tungu.

Síðastliðinn sunnudag sendi ég Joe Biden, nýkjörnum forseta Bandaríkjanna, heillaóskir, og Kamölu Harris varaforsetaefni sömuleiðis. Ég hef tekið eftir því í íslenskum fjölmiðlum og víðar að fornafn Harris, Kamala, er einatt beygt með þessum hætti. Vætanlega má hafa það til marks um það að við viljum hafa íslenskan brag í ræðu og riti. Einhver mörk gilda þó í þessum efnum, ekki eru öll nöfn íslenskuð eftir svipuðu lagi. Í kveðjum mínum til Bidens og Harris áréttaði ég rötgróna samvinnu og vináttu þjóðanna tveggja og langa sameiginlega sögu. Þá nefndi ég mikilvægi þess að verja grunngildi lýðræðislegs samfélags; frelsi til hugsana og tjáningar, jafnan rétt allra borgara, jafnrétti kynjanna, umburðarlyndi og fjölbreytni.

Miðvikudaginn 11. nóvember afhentum við Eliza Nýsköpunarverðlaun ferðabjónustunnar árið 2020. Verðlaunin eru veitt fyrir athyglisverðar nýjungar í ferðabjónustu og er þeim ætlað að hvetja frumkvöðla og fyrirtæki í ferðabjónustu til nýsköpunar. Í ár voru verðlaunin veitt íslenskri ferðabjónustu í heild sinni, í ljósi þeirra einstæðu erfiðleika og áskorana sem fyrirtæki og einyrkjar í geiranum hafa þurft að glíma við. Hægt er að horfa á kveðju okkar hjóna hér: <https://www.forseti.is/.../2020-11-11-samtoek-fer%C3%Boa.../>

Síðastliðinn miðvikudag var vefsíðan Réttinda-Ronja kynnt. Hún er ætluð nemendum með fatlanir og námsörðugleika og hlaut framtakið hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands í fyrra. Ég afhenti þau verðlaun þá og má sjá nánari upplýsingar um það hér: <https://www.forseti.is/.../2019-12-03-hvatningarver%C3.../>

Í síðustu viku var Heimsþing kvenleiðtoga, Reykjavík Global Forum, haldið hér á landi og var öllum, sem að því komu, til mikils sóma. Við Eliza tókum þátt í þinginu, ég flutti stutta kveðju og hún ræddi um jafnréttismál við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, stjórnarformann samtakanna, og Silvana Koch-Mehrin, stofnanda þeirra og forseta. Framlag okkar hjóna má sjá hér: <https://www.forseti.is/.../2020-11-11-heims%C3%BEing.../>

Hér vek ég líka athygli á nýsköpunarhraðli fyrir konur sem Háskóli Íslands stendur fyrir í samvinnu við bandaríska sendiráðið á Íslandi. Í síðustu viku flutti ég ávarp því til stuðnings. Upplýsingar um verkefnið má sjá hér: <https://awe.hi.is/>

Síðastliðinn fimmtudag var ég í hópi þess fjölda Íslendinga sem fylgdist í sjónvarpi með leik karlalandsliðsins í knattspyrnu við lið Ungverja. Hann tapaðist því miður þannig að ekki verða strákarnir okkar með í úrslitakeppni Evrópumótsins næsta sumar. Litlu munaði en lítt stoðar að hengja haus og fram undan eru nýjar áskoranir. Erik Hamrén, þjálfari liðsins, lýkur senn þeim störfum og óska ég honum velfarnaðar á nýjum vettvangi, með þökkum fyrir vel unnin störf.

Síðastliðinn föstudag var tilkynnt hverjir hljóta Íslensku menntaverðlaunin í ár. Þau hafa nú verið endurvakin og hlotnaðist mér sá heiður að afhenda fulltrúum Dalskóla í Reykjavík hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi skólustarf og menntaumbætur. Nánari upplýsingar má sjá hér:

[https://www.forseti.is/.../f2020\\_11\\_13\\_%C3%ADslensku...](https://www.forseti.is/.../f2020_11_13_%C3%ADslensku...) Ég nota þetta tækifæri og sendi öllum handhöfum Íslensku menntaverðlaunanna heillaóskir og hlýjar kveðjur. Þar að auki þakka ég öllum þeim sem eiga veg og vanda af því að við getum á ný verðlaunað framfarir og vel unnið starf í skólum landsins með þessum hætti.

Í gær, sunnudaginn 15. nóvember, var alþjóðlegur minningardagur um þá sem látist hafa í umferðarslysum. Ég flutti stutta kveðju af því tilefni og dagsins var minnst með ýmsum hætti eins og sjá má á heimasíðu Samgöngustofu:

<https://www.samgongustofa.is/umferd/oryggi/minningardagur>

Í þessari viku getum við notið þess að óhætt er talið að slaka á sóttvörnum. Sem fyrr þakka ég samstöðu landsmanna og þrautseigju, og hvet fólki til að láta ekki sitt eftir liggja, þvo sér vel um hendur, halda tveggja metra fjarlægð og nota grímur þar sem við á. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.